

Notkun Ipada í Marbakka.

Ipadar eru mest notaðir til að vinna í Völunni sem er meðal annars samskiptaforrit leikskólans við foreldra. Í Völunni er merkt við komu og brottför barnanna og hjá yngri börnunum eru upplýsingar gefnar um hve lengi þau sofa og hvernig þau borða.

Myndavélarnar í tækjunum sem við höfum í dag eru það lélegar og því lítið notaðar.

Ipad í starfi með börnum.

Hlustað á tónlist, sögur, leikrit og söngleiki þá aðallega í lestrar- og hvíldarstundum.

Stundum er Ipad notaður til að viðá að sér fróðleik í tengslum við viðfangsefni og áhuga barnanna. Starfsmaður vafrar þá um netið með börnunum.

Myndum úr Ipad eða tölvu er varpað á vegg sem viðbót og tilbreyting í umhverfi barnanna.

Einstaka sinnum eru sagðar sögur og myndum úr sögunum er varpað á vegg t.d. þegar slökkviliðið kemur með fræðslu og í heimsóknnum á bókasafnið

Tvisvar til þrisvar á ári stendur nemendum til boða að horfa á „bíó“ þar sem mynd er varpað úr Ipad eða tölvu á vegg til dæmis beint streymi frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og „jólamynd“ í sal.

Í stuðningskennslu eru valin smáforrit notuð til að æfa ákveðin atriði hjá börnum.

Við lítum svo á að skjátími barna á leikskólaaldri er fullnýttur á heimilum barnanna. Sú vinna og sá tími sem Ipad er notaður í vinnu með börnum í Marbakka er það takmarkaður að það ætti ekki að hafa áhrif á skjátíma barnanna utan leikskólans.

Tekið saman í október 2022